



Sjór, land og loft

Hreyfi- og skynjunarleikur

Markmið

Að auka þekkingu og skilning nemenda á ákveðnum orðum.

Aldur

Yngsta stig grunnskóla.

Gögn

Spjöld:

Blátt fyrir sjó.

Grænt fyrir land.

Gult fyrir loft.

Mat á framkvæmd

Leiklýsing

Nemendur fá orð sem þeir eiga að tengja við sjó, land eða loft.

Spjöldum er komið fyrir á gólfinu í kennslurýminu. Bláu spjaldi fyrir sjó, grænu fyrir land og gulu fyrir loft. Kennarinn byrjar leikinn á að nefna orð sem tengist einhverju þessara hugtaka. Nemendur eiga í framhaldi að fara á þann stað sem þeir halda að hugtakið tengist. Þegar allir hafa komið sér á staðinn á hver og einn að útskýra sitt orð og segja frá af hverju hann valdi þann stað sem hann stendur á.

Aðrar útfærslur

Hægt er að útfæra þennan leik á marga vegu. Það er hægt að hafa hann myndrænan og láta nemendur hengja merki á veggmynd af sjó, landi og lofti.

Nemendur geta líka teiknað mynd sjálfir, breytt orðunum í myndir og teiknað inn á sitt verk. Þá geta þeir sagt frá myndinni og rökstutt af hverju fyrirbærunum var komið fyrir þar sem þau eru.